

## SAMÞYKKT

### um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu.

#### 1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Hvolhreppi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað klukkan 18.00 og þær eigi opn-  
aðar aftur fyrr en kl. 8.00 árdegis næsta virkan dag.

Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er hér greinir:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.00, nema þegar aðfangadagur og gamlársdagur eru mánudagar, þá má hafa opið til kl. 16.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22.00 einn virkan dag á undan þessum degi skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13.00 á laugar-  
dögum, og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. sept., skal loka eigi síðar en kl. 12.00 á laugardögum.

Þó er heimilt að hafa sölubúðir opnar fyrsta laugardag í desember til kl. 16.00 og annan laugardag í desember til kl. 18.00.

Allt árið er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 19.00 á föstudögum.

#### 3. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum, og auk þess almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, sautjándi júní og fyrsta mánu-  
dag í ágústmánuði frá kl. 8.00 árdegis til kl. 12.00 á hádegi.

Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 15. sept. skal loka eigi síðar en kl. 16.00.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða né félagsheimilis Hvolhrepps, af-  
greiðslu og starfrækslu þess þann tíma, sem veitingahús og skemmtistaðir mega hafa  
opið.

#### 4. gr.

Söluturnum (sælgætisbúðum) má halda opnum til sölu blaða, tímarita, fri-  
merkja, sælgætis, öls, gosdrykkja og tóbaksvara sem hér segir:

Frá kl. 9.00 að morgni til kl. 23.00 að kvöldi. Þó skal þessum búðum lokað alveg  
nýjárstag og jóladag, en aðfangadag og gamlársdag lokað eigi síðar en kl. 16.00.

Eftir lokunartíma almennra sölubúða má sala aðeins fara fram gegnum afhend-  
ingarlúgur þessara sölustaða, þannig að viðskiptamönnum er ekki hleypt þar inn.

Þeim aðiljum, sem velja sér það verzlunarform, sem um getur í þessari grein,  
ber að greiða í sveitarsjóð Hvolhrepps árlega kr. 5000.00, og sé gjalddagi þessa gjalds  
2. janúar ár hvert.

#### 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á torgum og stræt-  
um eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfssölum, nokkurn varning, sem  
ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

#### 6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustaði fyrir lokunartíma, er heimilt  
að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Hvolhrepps, samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson*

**S A M Þ Y K K T**

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Þingeyjarsýslu,  
nr. 53 17. apríl 1959.

## 1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru:

*Í Kelduneshreppi:*

1. Sultavegur, af Þingeyjarsýslubraut á móts við Víkingavatn að Sultum.
2. Garðsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Garði.
3. Sandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut, hjá Lindarbrekku um Þórunnarsel, Syðri-Bakka, Þórseyri og Árnanes, með álmu að Nýjabæ.
4. Eyvindarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut austan Lindarbrekku að Eyvindarstöðum og Eyvindarholti.
5. Uppsveitarvegur, af Þingeyjarsýslubraut, norður af Meiðavöllum, um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.

*Í Óxarfjarðarhreppi:*

6. Austursandsvegur, af Sandsvegi við Sandárbrú um Skóga, að Jökulsá og þaðan að Ytri-Bakka í Kelduneshreppi, með álmu í Ærlækjarsel og um Hróarsstaði í Akursel.
7. Leifsstaðavegur, af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi austan Klifshaga að Leifsstöðum.
8. Gilhagavegur, af Kópaskersvegi hjá Lundi, um Hafrafellstungu og Gilsbakka að Gilhaga.
9. Bjarnastaðavegur, af Gilhagavegi við Smjörhólsárbrú, um Smjörhól að Bjarnastöðum.
10. Vestara-Landsvegur, af Hólsfjallavegi hjá Austara-Landi að Vestara-Landi.